

Morgunblaðið

Útgefandi
Framkvæmdastjóri
Ritstjóri

Aðstoðarritstjóri
Fulltrúar ritstjóra

Fréttastjóri

Auglýsingastjóri

Árvakur, Reykjavík
Haraldur Sveinsson.
Matthías Johannessen,
Styrmir Gunnarsson.
Björn Bjarnason.
Þorbjörn Guðmundsson,
Björn Jóhannsson,
Árni Jörgensen.
Freysteinn Jóhannsson,
Magnús Finnsson,
Sigtryggur Sigtryggsson,
Ágúst Ingi Jónsson.
Baldvin Jónsson.

Ritstjórn og skrifstofur: Aðalstræti 6, sími 691100. Auglýsingar:
Aðalstræti 6, sími 22480. Afgreiðsla: Kringlan 1, sími 83033.
Askriftargjald 450 kr. á mánuði innanlands. Í lausasölu 40 kr. eintakið.

Vegið að ASÍ

Guðrún Helgadóttir, þingmaður Alþýðubandalags, fer hörðum orðum um forystu og starfshætti Alþýðusambands Íslands — og aðildarféлага þess — í grein í Þjóðviljanum 20. júlí sl. Staðsetning og umgjörð greinarinnar í blaðinu ber þess glöggan vottinn, að ritstjórn Þjóðviljans hefur verið einkar kært að koma innihaldi hennar sem best til skila. Þingmaðurinn er að fjalla um „mál“ Guðmundar J. Guðmundssonar, formanns VMSÍ og Dagsbrúnar, og notar tækifærið til að hnýta í launþegafélög, sem standa að ASÍ, með þessum orðum: „Hafa þeir [félagsmenn í launþegahreyfingu] verið kallaðir til fundar um mál foringja síns? Ó, nei, þess gerist ekki þörf í þeim herbúðum. Þar ríkir sú fámennisstjórn, sem allar ákvarðanir tekur á toppnum eftir formúlu samtryggingarinnar, sem hingað til hefur haldið Alþýðusambandi Íslands saman. Þar skipta menn með sér völdum eftir einfaldri flokkspólítískri uppskrift . . .“.

Félög verkafólks og heildarsamtök þess, Alþýðusamband Íslands, eru ekki hafin yfir gagnrýni fremur en önnur manna verk. Þessi samtök, sem önnur, verða að þróast í skóla reynslunnar og laga sig að þeim breytingum sem umhverfi þeirra, þjóðfélagið, tekur, í framvindu tímans, til að sinna skyldum við umþjóðendur sína og þjóðarhagsmunum sem best. Á þetta hefur oft verið bent hér í Morgunblaðinu, bæði í ritstjórnargreinum og aðsendum hugleiðingum fólks úr hinum ýmsu starfsstéttum. Spjótalög Guðrúnar Helgadóttur, þingmanns Alþýðubandalagsins, að forystu-mönnum og starfsháttum ASÍ, eru annarrar tegundar og þjóna öðrum tilgangi. Þau eru angi af innanflokksátökum í Alþýðubandalaginu. Þau þjóna þeim eina tilgangi, að því er virðist, að koma höggi á flokksbræður, sem heyra til annarri „trúardeild“ í „söfnuðinum“, ef svo má að orði komast. Í þeim efnum virðist tilgangurinn helga meðalið, svo réttlætalegt telst, að berja á Dagsbrún, VMSÍ og ASÍ.

Árás Guðrúnar Helgadóttur á starfshætti í verkalýðsfélögum og ASÍ er fyrst og fremst árás á flokksbræður hennar innan þessarar sömu verkalýðshreyfingar. Þeir eru helztu mótendur þeirra starfshátta er þar viðgangast. Ekki skal það í efa dregið að starfshættir þessara samtaka geta breytzt til hins betra, og

standa efalltið til bóta, en hversvegna hefur þingmaðurinn þagað svo lengi þunnu hljóði yfir þeim annmörkum, sem hún telur vera á starfsháttum þeirra? Þögn er sama og samþykki, segir máls-hátturinn. Hversvegna setur hún gagnrýni sína þá fyrst fram er hatrömm innanflokksátök í Alþýðubandalaginu ná hámarki? Er grein hennar, sem ritstjórn Þjóðviljans gera svo vel við, aðeins spegilmynd þeirra átaka, út í þjóðfélagið, er standa nú sem hæst milli svokallaðs „verkalýðsarms“ og svokallaðs „menntamannaarms“ Alþýðubandalagsins?

Á einum stað í grein Guðrúnar Helgadóttur bryddir á viðleitni til að brjóta til mergjar, hversvegna kjör og kaupmáttur eru ekki burðugri hér á landi en raun ber vitni um. Það er þegar hún gerir því skóna, að við séum að „dragast aftur úr öðrum þjóðum í atvinnu-málum, menntamálum, tæknipróun og á flestum öðrum sviðum“, eins og hún kemst að orði. Fyrir þessu er flugufótur, þó skoðanir séu skiptar um ástæður.

Tvennt er það sem öðru fremur hefur háð framfarasókn þjóðarinnar til betri lífskjara. Hið fyrri er erlend skuldaför, sem að hluta hefur gengið til eyðslu og óarðbærrar fjárfestingar, og tekur til sín í greiðslubyrði rúmlega fimmtung útflutningstekna, sem ekki koma til skipta á innendum kjaravettvangi. Það síðara er verðbólgan, 1971- 1983, sem braut niður innlendan sparnað, brenndi kjarabætur jafnharðan og þær unnust, skekkti stórlega samkeppnisstöðu útflutningsframléiðslu okkar og — það sem verst var — kom í veg fyrir þá atvinnuuppbyggingu, framleiðni-aukningu og hagnæð, sem ella hefði orðið. Lífskjör felast ekki í kröfugerð og slagorðum, heldur verðmætum sem verða til í þjóðar-búskapum. Þessvegna skilar jákvæð kjarabaráttu betri árangri en sú neikvæða til lengri tíma liðið.

Átökin í Alþýðubandalaginu eru ekki ný af nálíni og naumast frásagnarefni lengur. Þegar þau snúast hinsvegar upp í spjótalög að Dagsbrún, Verkamanna-sambandinu og ASÍ færast skörin upp í bekkinn. Og þegar atgeirinn í hendi aðfararliðsins er „mál-gagn sósíalisma, þjóðfrelsis og verkalýðshreyfingar“ er sú sjálfmynd, sem vinstri sósíalistar hafa verið að mála á striga samtímans, fullbúin.

Sitthvað af Picasso

Myndlist

Bragi Ásgeirsson

Um næstu helgi lýkur hinni „óvæntu“ sýningu á málverkum Picassos á Kjarvalsstöðum. Aðsóknin, sem var lengi vel jöfn og góð hefur minnkað og mun varla mikið meiri en á almennar sýningar. Það hefur spurst út, að fátt sé af úrvalsverkum á ferðinni, myndirnar séu ómerktar og jafnvel hafa sumir tekið svo djúpt í árinna að nefna þetta afganga eða jafnvel rusl.

Hvort tveggja er rangt, því að í sumum myndanna eru snilldartahtar og myndin „Madame Z“ er viðfræg og hana er að finna í mörgum mikilvægum uppsláttarbókum um líf og list Picassos.

Þá má ugglaut telja ýmsar myndanna forverk og skissur að veigameiri verkum og þann þátt í starfi listamanna skal ekki vanmeta, því að hann er mjög áhuga-verður í kynningu og bregður iðulega upp nýju ljósi á starfshætti viðkomandi.

Þá eru sem fyrr segir snilldartahtar í ýmsum myndum og hér kemur ljóslega fram, að ekki gengur allt í fyrstu tilraun og að jafnvel meistaranir þurfa að þreifa fyrir sér og erfða til að ná árangri.

Annað mál er, að hið mikla auglýsingaskrum og hávaði í fjölmiðlum kringum sýninguna er hvorki Listahátið né fjölmiðlum til mikils sóma og enginn heimsviðburður er hér á ferð. Nema að það eitt sé heimsviðburður, að sýningin skuli sett upp svo norðarlega — hér hafa útlendingar orðið hissa og aðstreymi þeirra á Kjarvalsstaði er óvenju mikið.

Svo menn skilji mig betur þá skal vísað til þess, að svo til allt var dregið fram í lífi Picassos, annað en það sem verið er að sýna og það þótti aðallega fréttmænt hve verðmætar myndirnar voru taldar.

Audvitað eru öll skrif um meistaran vel þegin og sýningin var vissulega tilefni margvíslegraupprifjana úr lífi hans en hefði betur mátt vera meira í samhengi við sýninguna sjálfa. Þá er sýningin ótvírátt drjúgur listviðburður hér uppi á Íslandi og ég veit að fjölmargir hafa verið mjög ánægðir að eiga þess kost að kynna þessari hlið á list Picassos, og sjá þann mikla kraft, sem var í pentskúf hans fram til hins síðasta.

Fyrir margar sakir er þessi sýning þannig mjög merkileg og ekki skulu menn spá of mikið í það, að myndirnar eru fæstar áritaðar. Picasso var svo umbúðalaus og afkastamikill listamaður, að það var óhjákvæmilegt að stundum gleymdist að árita listaverkin enda er slíkt ekki aðalatriðið og til var t.d. röð frábærra teikninga í eigu fyrrum sambýliskonu hans, Mariu Theresu Walter, sem allar voru ómerktar. En hann mun hafa merkt allar þær myndir, er hann lét frá sér fara á sýningar eða seldi eftir öðrum leiðum.

Þá má geta þess, að ýmsir snillingar á sviði myndlistar árituðu (og árita) ekki verk sín, og sumir gera það á bakhlíð mynda sinna, því að þeir kæra sig ekki um hina meintu truflandi og fáfengilegu áhrif slíks krots á framhliðina. Mætti hér nefna allnokkra frægustu meistara listsögunnar — hins vegar gleyma metnaðarfullir viðvaningar þessu atriði miklu síður . . .

Sýningin „Exposition Inattendue“ kynnir sannarlega enn eina og fyrir suma óvænta hlið á meistaranum og er því réttnefni, en hann

var fjölþættur persónuleiki og hvergi einhamur.

Andi Picassos var líkastur ryksugu, er sogaði til sín áhrif úr öllum áttum og skildi ekki neinara smáeindir eftir — og melti svo dustið, svo fram spruttu hinar merkilegustu formanir. Líkt og aðrir snillingar myndlistarsögunnar þá nærðist hann á hugmyndum annarra og jók svo við sínum eigin persónuleika í formi óþrjótandi hugkvæmni.

Hér má og koma fram, að Picasso var með sanni ein þeirra, er fann hjá sér þörf til að sanka að sér hvers konar dóti, er á vegi hans varð, og venjulegt fólk nefnir rusl og drasl.

Þetta kemur fram í bók hins nafnkennda menningarmálaráðherra de Gaulles, André Malraux, sem ber hið margræða nafn „Le tete d'obsedienne“, sem útleigst „Hrafninnusvarta höfuðið“. Þetta höfuð er fornkólumbísk höggmynd, ták einshvers yfirskilvitslegs, líkast andríkum skeggræðum á milli núlifandi og framliðinna. Í gegnum þetta fornsögulega höfuð í dimmum kjallara Borgarsafnsins í Mexíkó (Mexico Cytis Mueseum) fær lesandinn engan veginn sannverðugar upplýsingar um lífið hinumegin. Nei, Malraux særir fram hluta af talandi tónlist fram fyrir dauðann sem gegnir lykilhlutverki í bókinni.

Hinn aðdáunarverði Malraux er hér djúpur og torráður og erfitt að fóta sig í þankaveröld hans.

Mun skiljanlegri er kafli í bókinni, sem segir frá heimsókn í vinnustofu Picassos í Rue des Grands-Augustin árið 1944, þar sem Malraux og Picasso skiptust á skoðunum líkast boxurum, er gert hafa samblástur.

Bókin fjallar mestmegnis um Picasso og er einstök í sinni röð. Því að listasagan á engin dæmi um hliðstæð samtöl milli ritsnillinga og myndlistarmanna, t.d. Artentinos og Tizians, milli Victors Hugo og Daumers, milli Emile Zola og Cézanne. Og Baudelaire talar einungis um Delacroix. En hér höfum við skáldið Malraux og myndlistarmanninn Picasso, og þeir ræða saman sem jafningjar. Frá þessum fundi, eða árekstri, gýs og gneistar af sannindum um tvö grundvallarlögmál: listin er tjáning hins óþekktanlega um leyndarmál hlutanna, sem er ekki hið ytra, og hitt lögmálið er, að list okkar er óaðskiljanleg frá litasafni ímyndunarinnar, sem er draumur hinna tveggja stóru anda. Það er mun




Sabartés í Barcelona 1900.

auðveldara að lesa samtal Eckermanns við Goethe og Boswells við Samuel Johnson og svo við litum okkar nær Matthíasar Johannessen við hvern sem er . . .

Ekki eins háspakilegt, en þó jafnþýðingarmikil, er heimsókn Malraux til ekkjunnar Jaqueline stuttu eftir dauða Picassos. Saman reika þau milli eigin verka Picassos, skúlptúra, uppkasta og rissa. Og leikföng, greinar, furdulegir steinar, vogrek, sem ber merki um fangbrögð hafnsins og Picasso nefndi „ósjálfráðar höggmyndir“ og Johannes V. Jensen kallaði „duttlingalit náttúrunnar“. Hið fræga „ég“ Picassos, leitar ekki heldur finnur, var ef til vill minna gort og meiri undrun. Jaqueline segir, að seglgarnsspotti hefði ekki einu sinni fengið að liggja í friði á gólfinu án þess að Picasso tæki hann upp og mótaði eitthvað úr honum. „Skúlptúr hefur margar sálir,“ sagði hann . . .

Jaqueline varð lítið yfir þetta forvitnilega dót, óformuðu og umkomulausu hluti og mælir: „Þið verið aldrei að skúlptúrum.“ Þessi yfirþyrmandi krambúð af skrani og drasli, eigin verkum Picassos, og



André Malraux í strikum Saul Steinberg (The New Yorker).